

Borgarráð

Tillaga um endurskoðun á skipulagi stjórnsýslu Reykjavíkurborgar

Lagt er til að sett verði í gang vinna undir stjórn formanns borgarráðs við endurskoðun á skipulagi stjórnsýslu Reykjavíkurborgar. Endurskoðunin miði að því að einfalda skipulag og skipurit Reykjavíkurborgar en einnig að því að draga fram þau áhersluatriði sem mikilvægt er að horfa til við stjórnun og rekstur Reykjavíkurborgar. Þau atriði sem þar eru einkum undir eru á sviði fjármálastjórnunar, innkaupa, eftirlits og áhættustjórnunar, þjónustu og nýsköpunar, á sviði mannauðsmála og heilsuefingar, og síðast en ekki síst á sviði stjórnsýslu, þar á meðal á sviði stefnumótunar, gagnamála og upplýsingamiðlunar.

Lagt er til að leitað verði til utanaðkomandi ráðgjafa sem sérfróðir eru á þessu sviði og að þessi vinna verði unnin í samráði við stjórnendur og starfsmenn eftir því sem við á. Afurð framangreindrar vinnu skal leggja fyrir borgarráð fyrir lok þessa árs í formi nýs skipurits, og því fylgi skilgreiningar á verkefnum einstakra eininga og þar með yfirlit yfir verkaskiptingu og umboð innan stjórnsýslunnar og hvernig samspili og samvinnu fagsviða og stoðsviða verði háttað. Jafnframt fylgi tillögur að innleiðingaráætlun nýs skipulags, lítið er til þess að hægt sé að innleiða breytingar í nokkrum skrefum. Formaður borgarráðs stýrir verkefninu með aðstoð borgarritara.

Greinargerð:

Skipulag stjórnsýslu Reykjavíkurborgar hefur í meginatriðum verið óbreytt undanfarin sex ár. Á sama tíma hefur margt breyst í innra og ytra umhverfi, ný lög og þar með nýjar skyldur á ýmsum sviðum hafa bæst við, verkefnum hefur fjölgað og stefnu á mörgum sviðum verið breytt í grundvallaratriðum og ný áhersluatriði komið fram. Má í því sambandi nefna stór verkefni eins og innleiðingu nýrrar þjónustustefnu Reykjavíkurborgar, þá áherslu sem lögð er á rafvæðingu þjónustu og upplýsingamiðlunar, aukið gagnsæi, nýja mannauðsstefnu og svona mætti áfram telja.

Mikilvægt er að skipulag og þar með skipurit sveitarfélagsins aðlagi sig að nýjum tímum og nýjum áherslum og styðji á sama tíma vel við góða stjórnarhætti og stjórnsýslu og því er þessi tillaga um endurskoðun á skipulagi stjórnsýslu Reykjavíkurborgar lögð fram. Lagt er upp með að horft verði til nokkurra áhersluatriða við þessa endurskipulagningu. Í fyrsta lagi að horft verði til þess að einfalda skipulagið og skerpa á verkefnum og verkaskiptingu innan stjórnsýslunnar, umboði, stjórnun og ábyrgð. Í öðru lagi verði í þessari vinnu horft til þeirra áhersluatriða sem sérstaklega eru nefnd í tillögunni, þ.e. á sviði fjármálastjórnunar, innkaupa, eftirlits og áhættustjórnunar, á sviði þjónustu og nýsköpunar, á sviði mannauðsmála og heilsuefingar, og síðast en ekki síst á sviði stjórnsýslu, þar á meðal á sviði stefnumótunar,

gagnamála og upplýsingamiðlunar. Er það í góðu samræmi við þau áhersluatriði sem lesa má um í meirihlutasáttmála Samfylkingar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna.

Tillagan gerir ráð fyrir því að unnið verði að þessu verkefni á stuttum tíma og með aðstoð utanaðkomandi ráðgjafa og afurð þeirra vinnu verði lögð fyrir borgarráð fyrir lok þessa árs.

Dagur B. Eggertsson